

Ed.

**578. Frumvarp til laga**

[283. mál]

um lagningu sjálfvirks síma.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Póst- og símamálastjóri skal láta gera sérstaka 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal þeim framkvæmdum raðað í forgangs röð, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1977.

Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. janúar 1982.

2. gr.

Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkvæmt áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er efnislega í meginatriðum samhljóða stjórnarfrumvarpi til laga um lagningu sjálfvirks síma, sem lagt var fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979, en varð ekki útrætt.

Um 3 200 heimili hér á landi í sveitum, utan þéttbýliskjarna, búa enn við handvirkt símasamband um innansveitarlinur, þar sem ekki er unnt að tala þannig að tryggt sé að óviðkomandi aðilar ekki geti hlýtt á, auk þess sem slíkt handvirkt samband er yfirleitt miklu seinvirkara heldur en sjálfvirkt. Þó er ótalið það mikilvægasta. Viðast hvar, þar sem handvirkt samband er, verður ekki náð sambandi nema stuttan tíma sólarhrings. Þessu fylgir að sjálfsögðu gífurlegt öryggisleysi, ekki síst þegar læknaþjónusta hefur færst saman á færri staði. Er vel skiljanleg mjög mikil og vaxandi krafa íbúa dreifbýlisins um sjálfvirkan síma. Því er að því stefnt með lagafrumvarpi þessu að veita þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir ákveðinn forgang.

- Skipting og tala handvirkra síma eftir hreppum er sýnd á forskj. hér á eftir.
1. Fjöldi símnotenda í dreifbýli, sem vantað sjálfvirkan síma um 3220
  2. Fob-verð efnis og tækja þ. m. t. vinna símvirkja og tæknimanna við uppsetningu og tengingar ..... um 49.5 millj. kr.
  3. Vinnulaun og vélaleiga vegna jarðsímialagna ..... um 42.5 — —
  4. Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugjald og söluskattur eins og gildir í dag ..... um 43.7 — —
  5. Heildarkostnaður með aðflutningsgjöldum og söluskatti .. um 135.7 — —
  6. Árlegur sparnaður er áætlaður miðað við samdrátt í manna- haldi og símstöðvarrekstri. Auk þess má reikna með lækkun viðhaldskostnaðar vegna nýrra jarðsímialagna sem koma í kjölfar sjálfvirka símans á ári ..... um 8.5 — —

Gert er ráð fyrir því að ljúka framkvæmdum þessum á 5 árum en sennilegt má telja að framkvæmdir myndu taka a. m. k. áratug, ef fjármagna ætti það alfarið af eigin tekjum stofnunarinnar.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í 9. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ákvæði þess efnis að póst- og símamálastjóri skuli gera áætlun til 4ra ára í senn „um framkvæmdir stofnunarinnar“ og skuli þeim raðað eftir forgangsröð. Áætlunina skal endurskoða árlega þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til 4ra ára.

Enda þótt Póst- og símamálastofnun búi þannig nú þegar við almenna framkvæmdaáætlun skortir þó á að þessu sérstaka vandamáli, sem frumvarp þetta fjallar um, sé gefinn sérstakur gaumur eða lögð áhersla á forgang þess.

Með þessari grein myndi ákveðið að framkvæmdum þeim, sem frumvarpið fjallar um skuli á framkvæmdatímanum raðað fyrst í forgangsröð, en jafnframt gerð um málið sérstök fimm ára áætlun, en ætla verður að fimm ár séu það lágmarksframkvæmdatímabil, sem tekur að ljúka því verkefni sem hér um ræðir.

##### Um 2. og 3. gr.

Talið er í áætlun póst- og símamálastjóra að fob-verð tækja og búnaðar til sjálfvirkis símakerfis í þeim byggðarlögum utan þéttbýliskjarna, sem enn búa við handvirkt kerfi myndi nema um 49.5 millj. kr., þegar með er talin vinna símvirkja og tæknimanna við uppsetningu og tengingar.

Aðflutningsgjöld, söluskattur og annað myndi nema 43.7 millj. kr. en fob-verðið er um 35.2 millj. kr.

Vinna og aðkeypt þjónusta innanlands við jarðvinnulagnir er áætluð 42.5 millj. kr.

Með því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt við innflutning myndi heildarkostnaður lækka úr 135.7 millj. kr. í 92.0 millj. kr.

Lántaka skv. 3. gr. myndi nema samtals 92.0 millj. kr. á 5 ára tímabili eða allt að 20 millj. kr. á ári.

Þessi fjárhæð er á marsverðlagi 1981. en hér er gert ráð fyrir, að árleg lán- tökuheimild taki breytingum í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

##### Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

Verðlag í des. 1980.  
Upphæðir í þús. kr.

	1	2	3	4	5	6	7
	Fjöldi notenda	Fob-verð efnis og tækja þ. m. t. vinna-simvirkja við uppsetningu og tengingar	Vinnulaun og véla-leiga vegna jarð-símalagna	Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugj. og sölusk.	Heildarkostnaður	Sparnaður í rekstri	Landsímastöð, sem lögð verður niður
<b>Kjósarsýsla</b>							
Kjósarhr. ....	48	720	580	620	1 920	150	Eyrarkot
<b>Borgarfjarðarsýsla</b>							
1. Skilmannahr., Hvalfjarðarstr., Leirár- og Melasveit .....	90	370		230	600	1 290	Reykholt
2. Skorradalshr., Lundarreykjadalsh. ....	31	690	600	600	1 890		
3. Bæjarsveit, Reykholtsdalsh. ....	107	760	600	630	1 990		
4. Hálsasveit .....	21	600	700	650	1 950		
<b>Mýrasýsla</b>							
1. Hvítársíða .....	23					260	Síðumúli
2. Þverárhlið, Stafholtstungur .....	65	860	750	950	2 560		
3. Norðurárdalur, Stafholtst. v. Norðurár ..	27	160	160	180	500		Arnarst.
4. Borgarhr. ....	40	360	600	390	1 350		
5. Álftaneshr., Hraunhr.	50	1 060	1 130	830	3 020		
<b>Hnappadalssýsla</b>							
1. Kolbeinsstaða- og Eyjahr. ....	47	980	830	830	2 640	100	Haukatunga Rauðkollsst.
<b>Snæfellsnessýsla</b>							
1. Miklaholts- (Hnapp) Staðarsv., Breiðav.hr.	87	1 720	1 160	1 400	4 280	190	Furubrekka Arnarstapi
2. Helgafellssveit .....	21	200	540	200	940		
3. Skógarströnd .....	17	530	430	410	1 370		
<b>Dalasýsla</b>							
1. Hörðudalur, Miðdalir, Haukadalur .....	62	1 000	850	770	2 620	330	Staðarfell Hnúkur Skarð Neðri-Brunná
2. Laxárdalur .....	28	220	300	240	760		
3. Fellsströnd, Klofningur, Skarðsströnd .....	33	540	550	430	1 520		
4. Saurbær .....	43	280	280	60	620		
<b>A.-Barðastrandarsýsla</b>							
1. Geiradalshr., Reykhólshr., Gufudalshr. .	82	1 470	850	1 230	3 550	150	Flatey
2. Flateyjarhr. ....	6	200		200	400		

Verðlag í des. 1980.  
Upphæðir í þús. kr.

	Fjöldi notenda	Fob-verð efnis og tekja þ.m.t. vinna- sinvirkja við upp- setningu og teng- ingar	Vinnulaun og véla- leiga vegna jarð- símalgagna	Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugj. og sölusk.	Heildarkostnaður	Sparnaður í rekstri	Landssímastöð, sem lögð verður niður
	1	2	3	4	5	6	7
<b>V.-Barðastrandarsýsla</b>							
1. Barðastrandarhr. ....	36	900	270	760	1 930	50	
2. Rauðasandshr. ....	31	510	640	550	1 700		
3. Tálknafj.hr. ....	4	30	80	30	140		
4. Ketildalahr. .... Suðurfj.hr. ....	14	300	450	320	1 070		
<b>V.-Ísafjarðarsýsla</b>							
1. Auðkúluhr. ....	3	140		120	260	50	
2. Þingeyrarhr. ....	5	20	50	30	100		
3. Mýrahr. .... Mosvallahr. ....	6 13	290	360	310	960		
4. Suðureyrarhr. ....	3	30	60	20	110		
<b>N.-Ísafjarðarsýsla</b>							
1. Súðavíkurhr. ....	9	80	140	90	310	200	Skálavík Kirkjuból
2. Ögurhr., Reykjafjhr., Nauteyrarhr., Snæ- fjallahr. ....	58	1 770	990	1 410	4 170		
<b>Strandasýsla</b>							
1. Árneshr. ....	35	510	450	370	1 330	200	Finnbogast. Drangsnæs Litla- Fjarðarhorn Þambárvellir
2. Kaldrananeshr. ....	12	300	260	320	880		
3. Hrófbergshr. ....	6	130	200	140	470		
4. Kirkjubólshr., Fells- hr., Óspakseyrarhr. ...	45	1 010	880	810	2 710		
5. Bæjarhr. ....	20	710	330	480	1 520		
<b>V.-Húnavatnssýsla</b>							
1. Ytri- og Fremri- Torfustaðahr. ....	37	810	650	730	2 190	290	S-Þverá Viðigerði
2. Hvammstangahr., Kirkjuhvammshr., Þverárh. ....	60	1 080	950	870	2 900		
3. Þorkelshólshr. ....	45	410		420	830		
<b>A.-Húnavatnssýsla</b>							
1. Svínavatnshr., Ból- staðarhlíðarhr. ....	19	180	320	200	700	170	
2. Skagahr. ....	7	110	220	130	460		

Verðlag í des. 1980.  
Upphæðir í þús. kr.

	1	2	3	4	5	6	7
	Fjöldi notenda	Fob-verð efnis og tækja þ. m. t. vinna- sinnvirkja við upp- setningu og teng- ingar	Vinnulaun og véla- leiga vegna jarð- símalagna	Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugj. og sölusk.	Heildarkostnaður	Sparnaður í rekstri	Landsímastöð, sem lögð verður niður
<b>Skagafjarðarsýsla</b>							
1. Skefilsstaðahr. ....	19	570	400	440	1 410	670	
2. Skarðsh. ....	10	90	210	100	400		
3. Lýtingsstaðahr. ....	79	1 030	1 000	970	3 000		
4. Akrahr. ....	46	360	480	380	1 220		
5. Ripurhr., Viðvíkurhr., Hólahr. ....	75	1 080	840	880	2 800		
6. Hof- og Fellsh. ....	52	450	650	480	1 580		
Ólafsfjörður .....	19	130	270	140	540	10	
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>							
1. Skriðuhr., Öxnadalsh- hr., Glæsibæjarhr. ..	61	740	800	650	2 190	660	Saurbær Grund Munkaþverá
2. Hrafnagils-, Saurbæj- ar- og Öngulssthr. ..	130	1 090	700	870	2 660		
<b>S.-Þingeyjarsýsla</b>							
1. Hálsahr. ....	44	520	550	370	1 440	500	Fosshóll
2. Ljósavatnsh. n.hl. ..	28	210	200	230	640		
3. Ljósavatnsh. s.hl., Bárðdælahr. ....	80	1 070	1 000	1 000	3 070		
4. Mývatnssveit .....	59	670	600	730	2 000		
5. Reykdælahr. ....	9	110	200	130	440		
6. Tjörnes .....	30	310	400	340	1 050		
<b>N.-Þingeyjarsýsla</b>							
1. Kelduverfi, Öxarfj. ....	68	1 210	750	1 100	3 060	190	
2. Fjallahr. ....	7	380		360	740		
3. Presthólahr. ....	20	320	600	340	1 260		
4. Svalbarðsh., Sauða- nesh. ....	16	460	650	350	1 460		
<b>N.-Múlasýsla</b>							
1. Vopnafjörður .....	46	590	900	640	2 130	590	Fossvellir Eyrarland
2. Hlíðarhr., Jökul- dalsh. ....	56	1 590	1 300	1 280	4 170		
3. Fljótaldalsh. ....	40	720	700	640	2 060		
4. Fellahr., Tunguhr. s.hl. ....	28	220	420	240	880		
5. Tunguhr. n. hl. Hjaltastaðahr. ....	45	450	500	350	1 300		
6. Seyðisfjhr. ....	6	140	10	50	200		

Verðlag í des. 1980.  
Upphæðir í þús. kr.

	Fjöldi notenda	Fob-verð efnis og tækja b. m. t. vinna símvirkja við uppsetningu og tengingar	Vinnulaun og véla-leiga vegna jarðsímakagna	Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugj. og sölusk.	Heildarkostnaður	Sparnaður í rekstri	Landsímastöð, sem lögð verður niður
	1	2	3	4	5	6	7
<b>S.-Múlasýsla</b>							
1. Skriðdalshr., Vallahr.	80	950	1 000	880	2 830	620	Hallormsst. Geirólfsst.
2. Mjóafjarðarhr. ....	9	490	50	510	1 050		
3. Helgustaðahr. ....	9	230	180	100	510		
4. Fáskrúðsfjhr. ....	30	280	560	310	1 150		
5. Stöðvarhr. ....	8	30	70	40	140		
6. Breiðdalshr. ....	26	350	500	380	1 230		
7. Beruneshr. ....	25	810	450	680	1 940		
8. Búlandshr., Geithellnahr. ....	24	850	350	720	1 920		
<b>A.-Skaftafellssýsla</b>							
1. Bæjarhr. ....	14	670	300	550	1 520	280	Lambleiksst. Jaðar
2. Mýrahr., Borgarhafnarhr. ....	54	1 270	450	1 010	2 730		
<b>V.-Skaftafellssýsla</b>							
1. Hörgslandshr. ....	43	540	630	580	1 750	300	
2. Kirkjubæjarhr. ....	26	240	320	270	830		
3. Skaftártunguhr. ....	23	460	400	460	1 320		
4. Leiðvallarhr. ....	19	510	300	410	1 220		
5. Álftavershr. ....	12	480	160	320	960		
6. Hvammshr., Dyrhólahr. ....	17	400	260	280	940		
<b>Rangárvallasýsla</b>							
1. A-Eyjafjallahr. ....	56	630	380	490	1 500	300	
2. V-Eyjafjallahr. ....	42	740	500	650	1 890		
3. A-Landeyjahr. ....	44	570	600	610	1 780		
4. V-Landeyjahr. ....	33	410	530	430	1 370		
5. Fljótshlíðarhr. ....	26	160	190	170	520		
6. Hvolhr. ....	26	220	350	240	810		
7. Rangárvallahr. ....	12	200	250	220	670		
<b>Árnessýsla</b>							
1. Gnúpverjahr. ....	22	160	280	170	610	1 000	
2. Hrunamannahr. ....	26	230	400	240	870		
3. Biskupstungnahr. ...	33	360	460	390	1 210		
4. Þingvallahr. ....	16	540	100	410	1 050		
5. Grafningshr. ....	3	50	70	60	180		
6. Selvogur ....	3	120	40	120	280		
Alls		3 230	49 500	42 470	43 720	135 700	8 550